

Fræðsluhópur Garðabæjar

23.05.18

YFIRLIT

Fræðsluhópur Garðabæjar myndi samanstanda af 7-10 ungmennum, 16 ára og eldri, sem hafa það markmið að fræða nemendur á grunnskólastigi um ýmis konar málefni, en þó aðallega um hluti sem unglingar í dag eru að velta fyrir sér. Fyrirmynd verkefnisins er Jafningjafræðsla Hins Hússins.

MARKMIÐ HÓPSINS

1. Að „fræða“ a.m.k. einu sinni á önn í hverjum skóla og jafnvel oftár sé óskað eftir því.
2. Að nálgast fræðsluna frá sjónarhorni nemenda og leitast við að mynda heilbrigt umhverfi fyrir umræður og spurningar sem upp kunna að koma.

AF HVERJU FRÆÐSLUHÓP?

Ungmennir í dag eru að glíma við vandamál og þrautir sem ekki þekktust áður fyrr og því er ekki hægt að ætlast til að eldri kynslóðir nái til þeirra að fullu. Við þurfum að styðja við þessi ungmenni með öllum tiltækum ráðum því þau eru að ganga í gegnum viðkvæmt mótunarskeið og beina þeim á rétta braut. Skólarnir í Garðabæ hafa verið duglegir að fræða nemendur um ýmis konar málefni, en reynsla og sjónarhorn ungmenna sem hafa nýlega gengið í gegnum áskoranir unglingsáranna – og sigrast á þeim – hafa frekari möguleika til að ná til nemenda með árangursríkum hætti. Meðlimir í Fræðsluhóp Garðabæjar myndu kynna sér málefnið fyrirfram og í sameiningu búa til fyrirlestur sem byggir á tilfinningalegri nálgun, frekar en fræðilegri og væri því kærkomin viðbót við núverandi fræðslu.

Að auki

Meðlimir Fræðsluhóps Garðabæjar yrðu starfsmenn bæjarins og myndu fá greidd laun fyrir vinnu sína.

Fyrir hönd Ungmennaráðs Garðabæjar,

Ingibjörg Iðá Auðunardóttir

sími: 861-3264, póstfang: ingibjorgida@gmail.com